

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 3. október 2017.

Staður: Skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl. 17.10 og lauk kl. 19.10.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Magnús Gunnarsson, Þórunn Ansnes, Jóhann Óskar Borgþórsson, Hörður Þorsteinsson, Viðar Halldórsson og Sveinn Sigurbergsson. Forföll: Ragnar Hilmarsson og Ingvar Kristinsson.

Dagskrá:

1. Kynning á heilsuefningu eldri borgara í Hafnarfirði 2017

Janus Guðlaugsson PhD íþróttta- og heilsufræðingur og Guðrún Frímansdóttir deildarstjóri stoðþjónustu hjá fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðarbæjar mættu til fundarins og kynntu verkefnið. Verkefnið á að hefjast í janúar 2018 og er gerður samningur við fyrirtæki Janusar til tveggja ára um að þjónusta allt að 160 65 ára og eldri bæjarbúa með þremur æfingatímum undir leiðsögn á viku, þ.e. einn þolþjálfunartími (í frjálsíþróttahúsi Kaplakrika) og tveir styrkjarþjálfunartímar í heilsuræktarstöð, ásamt ástands mælingum og fræðslufyrirlestrum.

2. Endurskoðun á lottóreglugerð ÍBH

Samþykkt að breyta aldursskiptingu, 16 ára og yngri verður 17 ára og yngri. 17 ára og yngri fá 60% af upphæðinni sem skipt er á milli félaganna. Einnig var samþykkt að breyta eldri en 16 ára í 18 ára og eldri og fær sá hópur 10% af upphæðinni sem skipt er á milli félaga.

3. Nýjar tölur úr Felixkerfi ÍSÍ fyrir árið 2016 úr starfsskýrslu ÍSÍ 2017 til skiptingar á lottótekjum til aðildarféлага ÍBH

Tölurnar kynntar og samþykktar. Heildarfjöldi 17 ára og yngri er 7277 sem skiptist í 3275 stúlkur og 4002 drengi. Heildarfjöldi 18 ára og eldri er 5633 sem skiptist í 1725 konur og 3908 karla. Samtals eru þetta 12910 iðkanir.

4. Drög frá 27. september sl. að þjónustusamningi ÍBH við Hafnarfjarðarbæ

Umræður um samningarferlið sem er búið að taka marga mánuði. Í samningnum er verið að bæta verkefnum á skrifstofu ÍBH, auk þess sem verkefni skrifstofu ÍBH hafa stækkað mikið frá því síðasti samningur var gerður árið 2006. Stjórn ÍBH samþykkir eftirfarandi ályktun um samninga Hafnarfjarðarbæjar við íþróttahreyfinguna í Hafnarfirði. Lagt er til að þjónustusamningur ÍBH verði kr. 9.000.000 árið 2017. Árið 2018 hækki hann í samræmi við verðlagsþróun frá 2006 og aukin verkefni í kr. 14.000.000. Frá árinu 2019 hækki hann um eina milljón króna á ári, þar til hann verði endurskoðaður árið 2022. Ennfremur er lagt til að Hafnarfjarðarbær leiðrétti þjónustu- og rekstrarsamninga íþróttafélaga í samræmi við loforð sem gefin voru við gerð þeirra og að þeir verði sambærilegir við nágrannasveitarfélögin og hækki þá árlega í samræmi við verðlagsþróun.

5. Endurskoðun samstarfssamnings milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar

Hafnarfjarðarbær er búinn að samþykkja breytingu á 7. gr. samningsins sem varðar kostnaðarskiptingu úr 90/10 í 100/0 kostnaðarskiptingu þegar íþróttafélag byggir íþróttamannvirki. Að öðru leyti þarf að breyta samningnum í samræmi við nýja

þjónustu- og rekstrarsamninga ÍBH og íþróttafélaga. Lagt til að framkvæmdastjóri ÍBH og íþróttafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar fari yfir samninginn og komi með drög að breytingu.

6. Kynningarmál ÍBH framhald

Viðar Garðarsson ráðgjafi verður með fyrirlestur og hópavinnu í sambandi við markaðssetningu íþróttagreina á fulltrúaráðsfundi ÍBH 25. nóvember nk. Í framhaldi af því verða íþróttagreinar hvattar til að vera með einn viðburð á 10 daga tímabili í vor til að vekja athygli á greininni og laða að fleiri iðkendur.

7. Eftirlitsnefnd með fjármálum íþrótt- og æskulýðsfélaga

Umræður um nýja nefnd á vegum Hafnarfjarðarbæjar sem ÍBH var beðið um að tilnefna fulltrúa í. Fulltrúi ÍBH var síðan ekki í nefndinn sem var skipuð á fundi bæjarráðs 23. mars 2017. Nefndin hefur hvorki fundað með ÍBH né aðildarfélögum þess.

8. Staðan á samningi milli Rio Tinto, ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar um stuðning við íþróttastarfið fyrir iðkendur yngri en 18 ára, þjálfaramenntun og námskrár

Hafnarfjarðarbær hefur samþykkt nýjan samning sem átti að taka gildi 1. janúar 2017. ÍBH hefur óskað eftir því að fundinn verði dagur til undirritunar á samningnum, svo hægt sé að byrja að vinna eftir honum, þ.e. að óska eftir umsóknum frá íþróttafélögum, vinna þær og úthluta fjármunum til barna- og unglíngastarfs íþróttafélaga í Hafnarfirði. Hafnarfjarðarbær vill ekki nefna dag til undirritunar heldur óskar eftir því að funda með Rio Tinto um að gerðir verði tveir samningar, annars vegar milli ÍBH og Rio Tinto og hins vegar milli ÍBH og Hafnarfjarðarbæjar.

9. Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar 2017

Búið er að ákveða að hún verði miðvikudaginn 27. desember nk. í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar er búin að skipa nefnd til að undirbúa hátíðina.

10. Afhending stjórnarskírteina stjórnar ÍBH 2017-2019

Stjórnarmönnum afhent skírteini sem veita þeim ókeypis aðgang að öllum íþróttamótum á bandalagssvæðinu árin 2017-2019.

11. Önnur mál

a). HP ræddi beiðni Badmintonfélags Hafnarfjarðar til Hafnarfjarðarbæjar um rekstur Íþróttahúsins við Strandgötu og óskaði eftir meiri stuðning ÍBH og aðildarfélaga þess við beiðnina. 50. þing ÍBH frá 20. maí sl. samþykkti tillögu Badmintonfélags Hafnarfjarðar þess efnis. Þinggerðin sem er samantekt á samþykktum þingsins, hefur verið kynnt í Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar. Þinggerðin er aðgengileg á heimasíðu ÍBH. Badmintonfélag Hafnarfjarðar hefur fundað með Hafnarfjarðarbæ um málið.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.